



Fréttabréf heimsforeldra  
Vor 2008

# HEIMSFÖRELDRAR SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA



## Kæra heimsforeldri,

Af um 700 milljón börnum á grunnskólaaldri í heiminum eru um 93 milljónir ekki í skóla. Næri þrjú fjórðu þessarra barna búa í sunnanverðri Afríku og Suður-Asíu. Meirihluti barnanna tilheyrir þjóðernislegum minnihlutahópum, búa á landsbyggðinni, stunda vinnu, lifa við átök, eru fötluð eða fórnarlömb HIV/alnæmis. Og flest þeirra, eða 53%, eru stúlkur. Rannsóknir hafa sýnt að fyrir hvert ár í skóla geta laun kvenna og karla aukist að meðaltali um 10%. Góð menntun heldur börnum lengur í skóla og gerir stúlkur betur í stakk búar til að verjast misnotkun og ofbeldi. Börn menntaðra kvenna fá betri umönnun og eru því líklegri til að lifa lengur. Menntaðar konur senda börn sín frekar í skóla, sem er lykillinn að því að brjóta vítahring fátæktar og mismununar.

Verkefni UNICEF skipta miklu máli og með framlagi þínu náum við árangri. Sem dæmi má nefna að í Afganistan tók UNICEF það djarga skref árið 1999 að veita menntun í heimahúsum fyrir stúlkur og drengi, þegar stúlkum var meinaður aðgangur að opinberum skólum. Við lok árs 2001 náði UNICEF til 58 þúsund afganskra barna með þessum hætti. UNICEF styður við þjálfun kennara í Eþíópíu og hefur unnið að því að koma skilaboðum um mikilvægi menntunar á framfæri. Það verkefni leiddi til 14% aukningar í skráningu stúlkna í

grunnskóla. Í Síýrlandi voru nærri 3 þúsund unglingsstúlkur skráðar í skóla í átakinu *Aftur í skóla*, en það snerist um að fá stúlkur sem höfðu hætt námi til að byrja á sérstakri námsbraut sem veitti þeim tækifæri á að ljúka námi á helmingi skemmri tíma. Síðast en ekki síst vil ég nefna árangur UNICEF í Gíneu-Bissá. Þar hafa Baugur Group, FL Group og Fons styrkt menntaverkefni síðan árið 2006. Skólasókn hefur aukist um heil 16% í þeim þremur héruðum sem verkefnið nær til. Það er því ekki að ástæðulausu að við beinum sjónum okkar í þessu fréttabréfi að menntun, bæði hér heima og erlendis.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim heimsforeldrum sem hafa lagt neyðarsöfnun okkar lið fyrir börnin í Mjanmar (Búrma). Nánast helmingur fórnarlamba hvirfilbilsins sem reið yfir landið í byrjun maí eru börn. UNICEF hóf strax neyðarhjálp og þegar þetta er skrifað höfum við sent yfir 100 tonn af hjálpargögnum til landsins og 130 starfsmenn UNICEF eru á vettvangi við neyðaraðstoð.

Með kærri kveðju og þakklæti fyrir dyggan stuðning,

**Stefán Ingi Stefánsson,**  
framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.

## HÉR OG ÞAR OG ALLSTAÐAR – HEIMSFÖRELDRAR!

### 1. Hver eru áhugamál þín?

Ég er svo heppinn að vinnan mín er áhugamálið mitt í leiðinni. Listir og listafólk. Ég lifi og hrærist í þessum heimi.

### 2. Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú varst lítill?

Nákvæmlega það sem ég er í dag. Allir mínir bernskudraumar hafa ræst. Nú er málið að láta fullorðinsdraumana rætast líka.

### 3. Hvers vegna ertu heimsforeldri?

Ég var nú bara staddur á Austurvelli í blíðskaparveðri þegar starfsfólk UNICEF kom upp að mér og bauð mér að gerast heimsforeldri. Ég hafði fylgst með Harry Belafonte þegar hann kom til Íslands í þeim tilgangi að kynna starfsemi UNICEF, og ég sló til þegar áminningin kom.

### 4. Hefur þú séð eða upplifað slæmar aðstæður barna í þróunarlöndunum?

Ég hef ekki komið til þróunarlandanna, en ég upplifði raunverulega eynd og fátækt í fyrsta sinn þegar ég ferðaðist til Perú í Suður-Ameríku árið 2004. Þá sá ég, með berum augum, fjölskyldur sem lifðu í pappakössum. Pappakassarir voru sumir merktir með Coca-Cola, Sony, Chiquita, og vörumerkjum sem við hin tókum sem gefnum í lífi okkar. Þarna fékk ég áþreifanlega að finna fyrir því hvað öllum auði heimsins er misskipt, og hvað við getum verið eigingjörn og vanþakklát í garð allra okkar allsnægta, á meðan annað fólk, líka börn, neyðist til að búa í pappakössum.

### PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON

#### 5. Ef þú gætir, hverju myndir þú breyta í heiminum?

Ég las að 90% allra auðæfa heimsins eru í höndunum á 10% alls mannkyns, og þar er hvíti karlmaðurinn í sjúklega miklum meirihluta. Ég held að heiminum stafi mest hætta af hvítum, hægrisinnuðum, gagnkynheigðum karlmönnum á fertugsaldri í jakkafötum með bindi. Guð hjálpi okkur ef þeir öðlast of mikil völd eða komast yfir of mikla peninga. Ef þeir eru bókstafstrúarmenn, og geta ekki borið virðingu fyrir trúarskoðunum annars fólks, þá eru þeir bara enn hættulegri. Þá hika þeir ekki við að heyja blóðugar styrjaldir í skjóli sinna trúarskoðanna, og allur heimurinn fattar hvað býr þar að baki. Kveikjan að öllum styrjöldum er græðgi, sjálfelska og eigingirni. Hvíti, streit karlmaðurinn er eina útgáfan af homo sapiens sem fær að lifa gagnrýnislaust í þessum heimi. Allt annað er ekki jafn vel séð. Allir hinir þurfa að hafa aðeins meira fyrir hlutunum til að öðlast viðurkenningu og samþykki. Allar konur, fólk með annað litarhaft, samkynhneigt fólk, feitt fólk, sjúklingar, börn og fátæklingar þurfa að hafa miklu meira fyrir hlutunum, mega mæta afgangi, eða jafnvel éta það sem úti frýs. Hvíti karlmaðurinn kemst upp með allt. Það sem ég myndi vilja breyta í heiminum, er að koma á meira jafnvægi milli hvíta karlmannsins og allrar hinnar flórunnar af manneskjum sem til eru í heiminum. Ég vildi óska þess að tími hvíta karlmannsins væri liðinn.





## Uppbygging skóla í Mjanmar (Búrma)

UNICEF brást við ákalli yfirvalda í Mjanmar og aðstoðaði við opnun nýrra skóla á hluta hamfarasvæðanna fyrir 2. júní síðastliðinn, en þá hófst nýtt skólaár. Vegna umfangs eyðileggingarinnar á svæðunum sem verst urðu úti, hefur menntamálaráðuneytið hins vegar frestað opnun skóla í sjö bæjum á Irrawaddy-svæðinu og í einum bæ á Yangoon-svæðinu um mánuð.

Áhersla verður lögð á skóla sem hafa hrunið alveg til grunna eða skemmst mikið, og á svæði sem hjálparstofnanir hafa hingað til ekki náð að komast á. Fleiri en 4 þúsund grunnskólar, sem um 1,1 milljón barna gengu í, eru annað hvort skemmdir eða gjörsamlega eyðilagðir eftir hamfarirnar.

Á svæðunum sem hvirfilbylurinn fór yfir hefur UNICEF útvegað 100 þúsund pakka með ritföngum, námsbækur fyrir 150 þúsund börn, skólagögn (töflur, borð, stóla, o.þ.h.) fyrir 2 þúsund skóla, og byggingarefni til að gera við skóla. UNICEF býður einnig fram tjöld, segldúk og stuðning til að setja á laggirnar a.m.k. 1 þúsund örugg leik- og lærdóms-svæði til bráðabirgða. Staðsetning „öruggu svæðanna“ er ákvörðuð af skólayfirvöldum og samfélögunum sjálfum.



Tekið er á móti hjálpargögnum frá UNICEF í fyrrum höfuðborg Mjanmar, Yangoon.

## Hagnýt menntun fyrir stúlkur í Angóla

Í norðausturhluta borgarinnar Caxito í Angóla er skóli sem kallaður er Barnabærinn (Cidadela da Crianças). Þar situr Iracema og lærir einbeitt alla daga ásamt 82 öðrum stúlkum. Í skólanum, sem UNICEF styrkir, fá þær grunnmenntun, framkomu og lífsleikniþjálfun, fræðslu um hreinlæti, heilsu, málefni kynjanna og valdeflingu kvenna. Skólinn býður einnig upp á kennslufræði. Um er að ræða nýtt tilraunaverkefni til að kenna ungmennum, og þá sérstaklega stúlkum, hagnýtt nám.

Skólinn var stofnaður árið 1986 í þeim tilgangi að veita bágstöddum og munaðarlausum börnum menntun. Í dag eru 649 nemendur, stúlkur og drengir, í skólanum. UNICEF starfar með skólanum að þessu nýja tilraunaverkefni.

Þrjátíu ára borgarastríði í Angóla lauk árið 2002 og hefur verið jákvæður hagvöxtur í landinu síðustu árin. Ríkisstjórn landsins gat varið nærri 2 milljónum bandaríkjadala til menntunar á síðasta ári. Innviðir samfélagsins eru þó enn veikir, barna- og mæðradauði er algengur, vanæring hrjáir þriðjung barna og um 8,5 milljónir manna hafa ekki aðgang að hreinu vatni. Nú er þó von á bjartari framtíð fyrir börnin í Angóla.



Iracema situr í kennslustund í heimilisfræði.

## UNICEF-hreyfingin

UNICEF býður íslenskum grunnskólum til samstarfs í gegnum nýtt verkefni sem nefnist UNICEF-hreyfingin. Um er að ræða verkefni sem er skemmtilegt sambland af fræðslu, fjáröflun og hreyfingu með mannúðarmálin í brennidepli. Verkefnið var fyrst framkvæmt í þremur skólum í fyrra vor með mjög góðum árangri. Níu skólar skráðu sig til leiks nú í vor.

Markmið verkefnisins er að auka vitund íslenskra skólabarna um þróunarmál og réttindi barna. Þannig viljum við stuðla að aukinni samkennd þeirra með jafnöldrum sínum um allan heim. Þátttökuskólar fá sent vandað fræðsluefni sem gefur nemendum innsýn inn í þennan þýðingarmikla málaflokk.

Í verkefninu fellst einnig fjársöfnun fyrir þurfandi börn í heiminum. Eftir að hafa fræðst um stöðu barna í þróunarlöndum, safna nemendur áheitum hjá vinum og vanda-



mönnum sem þau vinna sér inn með því að hreyfa sig á íþróttadegi sem skólinn skipuleggur. Þannig þroska þau með sér þá tilfinningu að allir geti lagt sitt af mörkum – hver með sínum hætti. Þátttaka í UNICEF-hreyfingunni hefur því bæði áhrif á heimssýn íslenskra skólabarna um leið og söfnun þeirra getur skipt sköpum fyrir líf barna í öðrum heimshlutum.

## Tónleikar ungmennaráðs UNICEF og ÍTR

Í september 2007 hélt ungmennaráð UNICEF og ungmennaráð ÍTR í mið- og vesturbæ tónleika í Listasafni Reykjavíkur. Markmiðið var að vekja athygli á stöðu barna í heiminum fyrir fólk á aldrinum 13-16 ára. Tónleikunum var útvarpað beint á Rás 2 enda margar af vinsælustu hljómsveitum landsins sem spiluðu í þágu góðs málstaðar. Ætlunin er að endurtaka tónleikana í ár.



## Tónlist til styrktar UNICEF

Í vetur hleypti tólistarmaðurinn Steinsson verkefninu The Steinsson Project af stokkunum á vefsvæðinu [www.steinssonproject.com](http://www.steinssonproject.com). Á síðunni er hægt að hala niður hljómplötunni Backtracking Eighties, sem inniheldur fræg endurútsett popplög frá níunda áratugnum, án endurgjalds

og um leið styrkja menntaverkefni UNICEF með fjárframlagi að eigin vali. Steinsson fer fyrir hópi breskra tónlistarmanna sem lagt hafa verkefninu lið. Markmið útgáfunnar er að safna nægu fé til að fjármagna byggingu og rekstur fimm barnaskóla í Síerra Leóne.

Við hvetjum heimsforeldra til að kynna sér málið!

## ÁBYRGÐARHLUTVERK UNICEF

Við hjá UNICEF Ísland viljum að þú, kæra heimsforeldri, fái góðar upplýsingar um hvert framlag þitt rennur. Ef þú hefur einhverjar spurningar eða athugasemdir er þér velkomnið að hafa samband við okkur í síma **552 6310** eða með því að senda tölvupóst á [heimsforeldri@unicef.is](mailto:heimsforeldri@unicef.is). Tengiliður þinn hjá UNICEF á Íslandi er Snjólaug Aðalgeirsdóttir. Mjög mikilvægt er að þú látir okkur vita um breytt heimilisfang, tölvupóstfang eða greiðslufyrirkomulag. Langstærsti hluti fjármagns UNICEF fer til verkefna fyrir börn. Heildarútgjöld UNICEF árið 2007 voru rúmlega 205 milljarðar íslenskra króna (2.767 milljónir USD). Af þeim var 97% varið til verkefna fyrir börn í þróunarlöndunum.

